

1870.

29. marz.

1. grein.

Þangað til að ríkisþingið er búið að ræða frumvarp það, er fyrir það hefir verið lagt, til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið frá 1. apríl 1870 til 31. marz 1871, og í síðasta lagi þangað til 1. maí þ. á., skal stjórninni veitt heimild til að láta til bráðabirgða borga öll nauðsynleg gjöld, sem uppá koma samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til, en þó svo, að ekki sé farið út yfir aðalupphæðir þær og sérstakar gjaldgreinir, sem eru tilfærðar í tæðu lagafrumvarpi, og eins að láta heimta saman skatta þá og gjöld, sem nú eru.

2. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. apríl 1870.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið i höll Vorri Amalienborg, 29. dag marzm. 1870.

4. apríl.

31. Auglýsing fjárstjórnarinnar um peningasendingar milli Danmerkur og Íslands.

A líkan hátt og nú má borga fê til jarðabókarsjóðanna á Færeyjum og Íslandi, og fá það aptur útborgað úr aðalféhirzlu ríkisins í Kaupmannahöfn, hefir fjárstjórnin eftir samkomulagi við dómsmálastjórnina ákveðið, að borga megi frá 50 rd. til 5000 rd. til aðalféhirzlunnar, og fá peningana aptur hjá jarðabókarsjóðunum á Færeyjum eða Íslandi, gegn því að greiða í þóknun 1 af hverju 100 af upphæðinni; þó getur þetta að eins fengizt með því skilyrði, að forði jarðabókarsjóðanna af reiðugjaldi sé nógur til þessa, framyfir það, sem þarfir ríkisstjórnarinnar útheimta.

Þeir, sem hær á eftir æskja þess, að fá fê útborgað úr jarðabókarsjóðunum, verða að borga jafnmikið til aðalféhirzlunnar, og jafnframt með fám orðum skriflega geta þess, hverjum eigi að borga fêð og úr hvorum jarðabókarsjóðnum, en þá mun fjárstjórnin segja sjóðunum til um það, sem með þarf í þessu skyni.

Þetta birtist hérmeð öllum, sem hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

1870.
4. apríl.

Í fjárstjórninni, 4. apríl 1870.

C. A. Fønnesbech.

Erichsen.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um tilkall Þingeyra kirkju til hlutar af hvölum nokkrum. 22. apríl.

Um leið og þér, herra amtmaður, hafið sent hingað skjal nokkurt, þar sem umboðsmaður yfir konungsjörðum í Strandasýslu, Sigurður sýslumaður Sverrisson, hefir borið upp fyrirspurn um, hvernig hann ætti að fara með það, að eigandi Þingeyra kirkju, Ásgeir Einarsson, hefir gjört tilkall til fjórða parts af fimm hvölum, sem voru drepnir sumarið 1866 nálægt umboðsjörðunni Eyjum, og fluttir þar uppi fjöru, samkvæmt máldögum kirkjunnar og sáttmála við fyrri eiganda, umboðsmann Björn Olsen, er rentukammerið með bræfi 29. ágúst 1835¹ hefir staðfest, hafið þér í bræfi 12. aprílm. 1867 getið þess, að þér finnið málið efasamt, og hafið því lagt bann á, að sýslumaður lèti af hendi nokkuð af andvirði hvalanna, sem nær 1267 rd. 32 sk., en skipað svo fyrir, að þessi upphæð yrði talin með tekjum í næstu uppboðsreikningum, með þeirri athugasemd, að tilkall hafi verið gjört til fjórða parts af þessu fê; ennfremur hafið þér farið þess á leit, að stjórnarráðið leggi úrskurð sinn á þetta mál.

Eftir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu útaf þessu, og fengið álit málsfærslumanns konungssjóðsins um málið, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjórið það, að stjórnarráðið þykist ekki hafa næga ástæðu til að fallast á kröfu Ásgeirs Einarssonar, eftir því sem ástætt er, en það verður að vera undir

¹) Lovsamling for Island X., 649.